

Líflegt í Blöndustöð í byrjun sumars

Snjóléttur vetur

Rekstur Blöndustöðvar gekk vel á fyrsta ársfjórðungi. Raforkuframleiðsla stöðvarinnar nam 211,8 GWst en var 215,7 GWst á sama tímabili í fyrra. Vatnshæð Blöndulóns var í meðallagi fram eftir vetri. Um miðjan febrúar kom umtalsvert skot í lónið vegna rigninga og á fyrstu þremur vikunum í apríl leysti mestan snjóinn á norðvesturhálendinu. Þar var reyndar afar snjólétt í vetur og mun það líklega hafa áhrif á vatnsstöðu Blöndulóns í sumar.



Styrkveitingar úr samfélagssjóði

Í apríl síðastliðnum var úthlutað úr samfélagssjóði Landsvirkjunar, samtals 4,5 milljónum til 14 verkefna, og hlutu þrjú verkefni á Norðurlandi vestra brautargengi. Hæsta styrkinn hlaut Flugbjörgunarsveitin í Varmahlíð, kr. 400.000, vegna söfnunar fyrir björgunarbífreið, en styrki að upphæð kr. 300.000 hlutu Björgunarfélagið Blanda til kaupa á húsgögnum í nýtt húsnæði félagsins og Blönduóskirkja vegna tónleikaraðar sóknarnefndarinnar.

Úthlutað er úr sjóðnum þrisvar á ári og er umsóknarfrestur fyrir næstu úthlutun til 31. júlí. Meira um það á: landsvirkjun.is/samfelagssjodur

Sumarstörf ungmenna og mannabreytingar

Sumarvinna ungmenna á aflstöðvum Landsvirkjunar hófst 5. júní með þjálfun í meðferð verkfæra og yfirferð á öryggisatriðum. Tæplega 20 ungmenni verða við störf í Blöndustöð í sumar og munu þau sinna margvíslegum verkefnum á svæðinu, sem og samfélagsverkefni Landsvirkjunar, Margar hendur vinna létt verk.

Um mánaðamótin færðist Baldvin Freyr Sigurjónsson frá Blöndustöð yfir í Kröflustöð. Í hans stað var ráðinn Einar Árni Sigurðsson, sem áður starfaði sem yfirvélstjóri hjá Samskipum. Áður hafði Birna Björnsdóttir stöðvarstjóri látið af störfum og er Jónas Þór Sigurgeirsson settur stöðvarstjóri á Blöndusvæði.

Viðgerðir og viðhald í maí

Í byrjun maí réðst Landsnet í viðgerð á tengivirki og var vegna þess skrúfað fyrir rennsli í gegnum allar þrjár vélar Blöndustöðvar seinni part dags föstudaginn 5. maí. Til að viðhalda rennsli í Blöndu var botnrás Blöndustíflu opnuð daginn áður og 10 m²/sek hleypt úr lóninu um Blöndugil. Var stöðin síðan keyrð niður í áföngum til að draga úr áhrifum á lífríki árinna.

Á miðnætti voru tvær af þremur vélum gangsettar á ný, en vél 1 var tekin í ítarlega skoðun sem er framkvæmd á hverri vél á þriggja ára fresti. Skoðunin tók tæpa viku, en síðar á árinu mun vélar 2 og 3 fara í árlega skoðun sem er öllu umfangsminni en þriggja ára skoðunin.

Blöndustöð var stöðvuð á ný miðvikudaginn 31. maí vegna áframhaldandi vinnu Landsnets. Sömu aðferðum var beitt og í fyrra skiptið; opnað fyrir botnrás Blöndustíflu daginn áður og dregið úr rennsli í áföngum. Gaf það sem fyrr góða raun.



VMA namar í heimsókn

Blöndustöð er ekki opin til almennra heimsókna en Landsvirkjun leggur áherslu á að kynna starfsemina fyrir nemendahópum, þá sér í lagi þeim sem leggja stund á nám í rafvirkjun, vélfræði og vélstjórn. Í byrjun maí fékk stöðin heimsókn frá Verkmennaskólanum á Akureyri og voru þar á ferðinni tæplega 50 nemendur í rafvirkjun og vélstjórn ásamt kennurum. Fóru vaktmenn með hópinn um stöðvarhúsið og stjórnhúsið, sýndu allt það helsta er varðar rekstur stórrar vatnsaflsvirkjunar og svöðu fjölmörgum spurningum frá bæði nemendum og kennurum.

